

Lúðvík Júlíusson
Brekustígur 7
245 Sandgerði

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sandgerði, sunnudagurinn 14. október 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum.
Mál nr. 151, þingskjal 151.**

Með tilliti til 3. gr. frumvarpsins þar sem segir meðal annars:

"Þess skal gætt að skilyrði þau sem tilboðsgjöfum eru sett séu sanngjörn og að þeir njóti jafnræðis. Þá skal við sölu kappkosta að efla virka og eðlilega samkeppni á fjármálamarkaði."

legg ég til að bætt verði við 3. gr.:

"Ekki er heimilt að nota krónur sem keyptar hafa verið af Seðlabanka Íslands í tilboðum sem gerð eru."


eða sambærileg breyting í þeim tilgangi að leggja áherslu á sanngirni og jafnræði.

Þetta legg ég til vegna þess að þessar krónur, sem í daglegu tali eru kallaðar aflandskrónur, eru keyptar á mun hagstæðara verði en fæst á almennum gjaldeyrismarkaði auk þess sem ekki allir geta tekið þátt í útboðum Seðlabankans. Aðilar sem geta nýtt sér fjárfestingaleið Seðlabankans geta því boðið hærra verð en almennir fjárfestar og því væru þau tilboð ekki sanngjörn og jafnræðis á milli fjárfesta væri einnig ekki gætt.

Sumir þingmenn stjórnarflokkanna hafa gefið sterklega í skyn að heimilt verði að nota aflandskrónur í þeim tilgangi að kaupa eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Þeir hafa einnig sagt að það sé æskilegt. Til þess að hægt sé að nota aflandskrónur þarf fjárfestirinn að eiga óskilaskyldan gjaldeyri í vörslu erlendis. Annar gjaldeyri er skilaskyldur, honum þarf að skila til landsins innan þriggja vikna og hann má ekki nota til að kaupa aflandskrónur. Yfirlýsingar þessara þingmanna eru í raun yfirlýsingar um að hvorki eigi að gæta sanngirnis né jafnræðis eins og ég sýni fram á hér á eftir.

Greiningadeildir hafa notað orð eins og "tombóluverð" yfir þann gífurlega ávinning sem fæst með því að fara fjárfestingaleið Seðlabankans og því væri eignarhlutur ríkisins seldur á "tombóluverði" til þeirra aðila sem þá leið við kaup á eignarhlut ríkisins (Greiningardeild Arionbanka, 2012). Seðlabankastjóri, Már Guðmundsson, hefur einnig lýst því yfir að krónurnar sem fáið í gjaldeyrisútboðunum séu á ódýrari en á almennum markaði (Viðskiptablaðið, 2011). Almennt er sagt að fjárfestar sem fari þessa leið njóti afsláttar í fjárfestingum sínum (Viðskiptablaðið, 2012). Hefur Seðlabankinn keypt evruna fyrir 240 krónur að meðaltali í þessum útboðum (mbl.is, 2012). Það er því deginum ljósara að ef hægt er að nota aflandskrónur til að kaupa eignarhlut ríkisins að þá verður ekkert jafnræði á milli fjárfesta.

Þó svo að endanlegt verð yrði í íslenskum krónum og báðir aðilar myndu greiða með íslenskum krónum, þá er kostnaður aðilanna ekki hinn sami. Ástæðan er sú að annar aðilinn kaupir krónur á lægra verði en öðrum er að öllu jöfnu heimilt og þessum krónum getur hann síðan skipt í gjaldeyri á hagstæðara verði að 5 árum liðnum. Þessi ávinningur er bókfærður strax við kaupinn sem hagnaður en það gætu þeir aðilar ekki gert sem ekki færu fjárfestingaleið Seðlabankans.



Fjárfestir C) sem ætlar að bjóða 975 milljónir fyrir hlut ríkisins þarf að selja 6.3 milljónir skilaskyldra evra til þess að geta gert tilboðið á meðan fjárfestir A) þarf einungis að selja 5 milljónir óskilaskyldra evra til að geta gert sambærilegt tilboð. Munurinn jafngildir 4,70% ávöxtun á ári í þau 5 ár sem fjárfestinum er bannað að selja fjárfestingu sína! Hér sést enn betur hvert ójafnræðið er.

Sumir átta sig ekki á þessu strax vegna þess að báðir gera tilboð upp á 975 milljónir króna. En þegar litið er til þess að annar fjárfestirinn notar 5 milljónir evra en hinn 6,3 milljónir evra þegar markaðsverð 975 milljóna er 6,3 milljónir þá sést að sá aðili sem notar 5 milljónir evra hagnast um 1,3 milljónir evra.

Ég vona að umsögn mín fái málefnalega umræðu og að frumvarpinu verði breytt á þann hátt sem ég legg til.

Með fyrirfram þökkum.

Lúðvík Júlíusson

040376-4029

ludvikjul@simnet.is / 863-8450

Heimildir:

Greiningardeild Arionbanka. (6. júní 2012). *Fjárfestingaleiðin: Fasteignir miðsvæðis á tombóluverði*.

Sótt 16. ágúst 2012 frá www.arionbanki.is:

<http://www.arionbanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=26394>

mbl.is. (2. Október 2012). *Sjötta gjaldeyrisútboð Seðlabankans*. Sótt 14. Október 2012 frá mbl.is:

http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2012/10/02/sjotta_gjaldeyrisutbod_sedlabankans/

Viðskiptablaðið. (29. maí 2011). *Már Guðmundsson: Fyrsta útboðið veitir miklar upplýsingar*. Sótt 23.

júní 2011 frá www.vb.is: <http://www.vb.is/frettir/63719/>

Viðskiptablaðið. (14. apríl 2012). *5 milljarða afsláttur í fjárfestingaleið*. Sótt 14. Október 2012 frá

Viðskiptablaðið: <http://www.vb.is/frettir/71413/>